

Nd. 334. Tillaga til þingsályktunar
um hafnarbætur á Raufarhöfn.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta sumri rannsaka möguleika til hafnarbóta á Raufarhöfn og gera áætlun um kostnað við þær.

Greinargerð.

Mikil þörf væri á, sérstaklega vegna sildveiðiflotans, að gera ýmsar umbætur á höfninni á Raufarhöfn. Kemur þar til greina dýpkun á hluta hafnarinnar o. fl. Ennþá liggur þó ekki fyrir fullnægjandi rannsókn um, á hvern hátt hafnarbótunum yrði bezt fyrir komið eða um kostnað við þær, og er nauðsynlegt, að slík rannsókn fari fram sem allra fyrst. -- Nánar í framsögu.